



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
70 ára afmælishátíð
Þjóðræknisfélags Íslendinga
Þjóðmenningarhúsinu
28. nóvember 2009**

*Ræðan var flutt blaðlaust.
Eftirrit af upptöku.*

Ágæta samkoma.

Árið 1997 var okkur Guðrúnu Katrínu boðið að koma á Íslendingadag í Spánskum forki og fagna því með heimamönnum að í 100 ár hefðu íslensku landnemarnir og afkomendur þeirra á þessum slóðum haldið hátíð. Á þessum langa tíma hafði enginn íslenskur forystumaður tekið þátt í þessum hátíðarhöldum. Fólkinu í Spánskum forki fannst eins og íslenska þjóðin hefði aldrei fyrirgefið foreldrum þeirra, öfum og ömmum að hafa yfirgefið landið, kannski vegna þess að þau voru annarrar trúar en hér hafði verið iðkuð í aldir; fyrsti hópurinn sem skar sig frá íslensku þjóðkirkjunni.

Svo komum við þarna á heitum sumardeg, hittum mikinn fjölda af fólki af íslenskum ættum sem haldið hafði hópinn; í 100 ár efnt til hátíða af þessu tagi, reist vita til að minnast upphafsins; gefið út fréttablöð og sagt sögur.

Það var fróðlegt að heyra hve forfeður þeirra höfðu verið illa á sig komnir eftir að hafa ferðast í þrjú hundruð daga. Farið fyrst yfir hafið til Bretlandseyja og síðan til austurstrandar Bandaríkjana; þá í lestum, síðan hestvögnum og loks fótgangandi þar til þeir komu á slóðirnar þar sem þeim var sagt að búa. Þar var nánast ekkert nema eyðimörk. Af því að þeir voru vanir að hafa útsýni hér heima en höfðu ekki efni á að byggja sér hús þá héldu þeir upp í fjallið; grófu sig inn í það, bjuggu til eins

konar hella og héldu til í þeim fyrstu árin. Þeir höfðu engin efni á að byggja sér hús.

Þegar þeim áskotnaðist fé og fengu úthlutað svæði í þessu litla samfélagi, fóru að reisa litlu húsin sín þá vildu þeir engu að síður, þótt þeir væru í samfélagi mormóna, hafa kirkju eins og heima. Þeir byggðu lúterska kirkju í miðjum Spánskum forki. Þessi litla lúterska kirkja var eiginlega hernaðarleyndarmál í næstum heila öld. Fyrir mistök var hún eyðilögð af verktaka fyrir tuttugu árum eða svo, annars stæði hún enn.

Þegar ég sagði heimkominn þáverandi biskupi Íslands frá þessari lútersku kirkju þá kannaðist Ólafur Skúlason, þótt hann hefði sjálfur verið á slóðum Vestur-Íslendinga, ekki við að þeir sem við kölluðum mormóna hefðu engu að síður haft svo sterkar rætur, svo ríkulega vitund um uppruna sinn, menningu og trú að þeim leið ekki vel nema að hafa sína lútersku kirkju. Eða eins og gamall maður sagði við mig nánast í hvíslingum á samkomu um kvöldið: Ég gerðist nú aldrei mormóni, en synir mínir gerðust mormónar, það var praktískara. Skemmtilega séríslenskt viðhorf; líkt og þeirra sem tóku trú á Þingvöllum árið 1000 á grundvelli praktíks samkomulags.

Ég nefni þetta hér í dag vegna þess að við eigum öll minningar af þessu tagi. Við eigum öll reynslu sem færir okkur heim sanninn um að samkennd okkar hér á Íslandi og þess samfélags sem er afkomendur íslenskra landnema vítt og breitt um Norður-Ameríku er ein og hin sama. Í San Francisco hittum við afkomendur íslensku smiðanna sem ferðuðust yfir Kanada, til Bresku Kólumbíu og þaðan til Seattle og loks til Kaliforníu og tóku þátt í því fyrir röskum hundrað árum að byggja fyrstu myndarlegu byggingarnar sem reistar voru í San Francisco sem reyndar var um 1840 álfka fjölmenn eins og Reykjavík var á þeim tíma.

Í Seattle hafa afkomendurnir byggt safn, fróðlegt og skemmtilegt, í samvinnu við aðra afkomendur norrænna þjóða. Einn þeirra kom hér til landsins fyrir fáeinum árum með gamalt handrit sem afi hans hafði sett saman, skráð lífssögu sína frá því hann fór frá Íslandi og ferðaðist um Kanada og settist loks að á þessum slóðum. Fjölskyldan hafði varðveitt þennan dýrgrip í sínum fórum en vissi í raun ekki hvað í frásögninni fólst. Hann sýndi hana útgefanda hér á Íslandi og tveimur árum síðar kom bókin út, einhver merkasta heimild um lífssögu íslensks alþýðumanns sem fór í þessa löngu för en skráði engu að síður á íslenskri tungu háaldraður reynslu sína og ævintýri.

Í Bresku Kólumbíu, Alberta og Saskatchewan eru merkileg samfélög sem hafa reist minnismerki, gefið út blöð, haldið reglulegar samkomur, haldið á lofti merki forfeðra sinna, tengslanna við Ísland, átt sína drauma. Þegar við Guðrún Katrín komum þangað á þessu sama ári, voru dregnar

upp úr skúffum blaðaúrklippur frá heimsókn Ásgeirs Ásgeirssonar mörgum áratugum áður. Svo lifandi var minningin um tengslin að fjölskyldunnar geymdu þessar úrklippur, gulnaðar ásamt öðrum dýrgripum fjölskyldunnar.

Norður-Dakóta er í sjálfu sér merkilegt ævintýri, samfélag sem við höfum kannski ekki sinnt eins mikið eins og verðskuldað væri, hefur reist heilt safn til minningar um þessa merku sögu og varðveitt kirkjurnar fimm sem Íslendingar byggðu þar, fátækir bændur sem áttu varla í sig og á, en voru engu að síður svo öflugir að samtakamætti að þeim tókst á skömmum tíma að reisa fimm kirkjur. Þar eru skráð nöfn þeirra Íslendinga sem fóru í fyrra heimsstríðið og létu lífið, komu ekki aftur; kannski einn skýrasti vitnisburðurinn um þátttöku Íslendinga í þeim átökum.

Þegar Þingvallakirkjan brann fyrir fáeinum árum var samtakamátturinn og virðing fyrir arfleifðinni svo rík að þeir tóku ekki annað í mál en að reisa myndarlegan minnisvarða á brunarústum kirkjunnar í nágrenni við minnismerkið um Káin; heiðruðu þessa sögu.

Ég nefni þetta allt hér í dag og hef þó ekki gleymt Winnipeg og Manítóba vegna þess að vítt og breitt um Norður-Ameríku alla eru rætur þessarar sögu. Þótt í okkar huga sé Íslendingadagurinn á Gimli sú hátíð sem mestu skiptir þá megum við ekki gleyma þessum samfélögum um alla Norður-Ameríku sem enn eru að rækta þennan arf, sem enn eru að koma til Íslands, sem enn sækja sér hvatningu í þessa sögu. Afkomendur þeirra sem voru í Spánskum forki komu fyrir fáeinum árum til Vestmannaeyja og reistu í fjöruborðinu minnismerki með nöfnum þeirra sem fóru fyrstir frá Vestmannaeyjum til Utah.

Fyrir tveimur árum var mér boðið að koma aftur í Spánskan fork til að taka þátt í hátíðarhöldum vegna þess að þá voru 150 ár frá því að þetta fyrsta íslenska landnemasamfélag í Vesturheimi var stofnsett í Utah. Þá komu fimm þúsund manns saman á þennan vettvang. Biskup mormónakirkjunnar, sem reyndar ber heitið forseti, kom einnig á vettvang. Það var í fyrsta sinn í sögu þessa samfélags sem við þekkjum svo vel úr bók Halldórs Laxness, að höfuð mormónakirkjunnar kom þangað í heimsókn.

Hinckley forseti, háaldraður, rúmlega níráður, hélt skemmtilega ræðu, hann sagði og meinti hvert orð að ekkert samfélag af öllum þeim þjóðarbrotum sem hefðu til Utah komið hefði haldið svo rótum sínum og sögulegri arfleifð eins og íslenska samfélagið í Spánskum forki. Það var merkilegt að heyra þennan háaldraða trúarleiðtoga telja upp nöfn á fjölmörgum Vestur-Íslendingum úr samfélaginu í Utah, sem hann þekkti persónulega, kunni góð skil á; gat sagt þó nokkur deili á þeirra lífssögu.

Allt þetta er svo ríkulegur þáttur í arfleifð okkar Íslendinga að það er í senn skylda okkar og ánægjuefni að varðveita hann og rækta.

Það hefur Þjóðræknisfélagið gert á öllum þessum árum. Stundum var á brattann er að sækja, stundum í andstöðu við tímann og þann anda sem ríkti, stundum í átökum við þá sem töldu að allt þetta tilheyrði bara liðinni tíð, væri eitthvað sem við ættum ekki að rækta áfram, væri kannski þínulítið skrítið, afkárlegt, kjánalegt. Sem betur fer fengu þær raddir ekki að ráða för og fyrir röskum áratug eða svo fórum við að taka til hendinni á nýjan leik og sýna öllu þessu fólki, þessum þúsundum vítt og breitt um Norður-Ameríku, að við kynnum að meta hollustu þeirra og trúmennsku.

Við fórum kerfisbundið í heimsóknir á þessar slóðir. Við réttum hjálparhönd til uppbyggingar á söfnum og annarri starfsemi. Við efndum til veglegra hátíðarhalda árið 2000 í samvinnu við stjórnvöld Kanada og Bandaríkjana og við íslensku samfélagin. Við ýttum úr vör Snorraverkefninu þar sem ungu fólki er gefið færi á að heimsækja Ísland, vera á heimilum frænda sinna og frænkna, vera innan um fjölskyldu sína á Íslandi og kynnast sögunni, landinu, nútímanum og hugmyndum okkar um framtíðina.

Það hefur verið ánægjulegt á ári hverju á Bessastöðum að taka á móti þessari sveit, heyra sögur þeirra, fjölskyldusögur; heyra þau nefna hvaðan þau koma vítt og breitt af þessum slóðum; heyra þau segja hvernig afar þeirra og ömmur, foreldrar og aðrir ættingjar hafa hvatt þau til að koma; hlýða svo á upplifun þeirra af Íslandi; kynnast vonum þeirra um framtíðina.

Við höfum nú eignast fjölmenna sveit af ungu fólki á þessum slóðum sem eru traustir sendimenn Íslands og munu örugglega halda áfram að koma hingað heim til okkar.

Þjóðræknisfélagið er sá vettvangur sem hefur helgað sig þessu verkefni. Það er ánægjulegt að koma saman hér í dag og minnst þessa afmælis, þakka um leið fyrir allt það góða sjálfboðastarf sem unnið hefur verið bæði hér á landi og í Vesturheimi í þágu þessa málefnis. Án þess sjálfboðastarfs væri íslensk menning fátækari, væri söguleg vitund okkar mun fábreytnari. Þá hefðu íslenskir rithöfundar, sagnfræðingar og listamenn ekki haft þau tækifæri til sköpunar sem þeir hafa svo ríkulega nýtt sér á síðustu tíu árum.

Það er besti vitnisburðurinn um hve lifandi þessi arfleifð er að við skulum á undanförunum árum hafa eignast frábær verk í bókmenntum, sagnfræði, á sviði lista og menningar sem öll eru sprottin úr þessum jarðvegi, sönnun þess að þetta er ekki bara gömul saga heldur lifandi veruleiki sem getur nýst okkur á margbrotinn hátt.

Það er í minningu allra þeirra sem hafa helgað sig þessu starfi sem við komum saman hér í dag, en þó kannski umfram allt til að staðfesta enn á ný að við munum með ánægju og krafti taka þátt í samvinnu við þessa landa okkar þótt þeir beri önnur vegabréf og séu búsettir á slóðum sem ég nefndi fyrr.